

Skipulagsráð Akureyrarbæjar
Bt. Pétur Ingi Haraldsson
Geislagötu 9
600 Akureyri

Akureyri 27.6.2021

Efni: Umsókn um lóð við Norðurslóð á háskólasvæði Háskólans á Akureyri

Fyrir hönd stjórnar Þekkingarvarða ehf. vil ég óska eftir viðræðum við Akureyrarbæ um lóð fyrir byggingu á svæði sem er samkvæmt aðalskipulagi Akureyrarbæjar frátekin undir háskólastarfsemi HA. Umrædd lóð er á svæði auðkenndu sem svæði C á gildandi skipulagi svæðisins. Þekkingarvörður er þróunarfélag sem er í eigu Háskólans á Akureyri, Akureyrarbæjar, KEA, Tækifæris, SSNE, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Samtaka iðnaðarins. Félagið er stofnað í þeim tilgangi að vinna að uppbyggingu þekkingarþorps við Háskólann á Akureyri eins og það er orðað í samþykktum félagsins. Með þekkingarþorpi erum við að tala um- vísinda og tæknigarða sambærilega því sem við sjáum í Vísindagörðum í Vatnsmýrinni í Reykjavík.

Mikilvægt er í uppbyggingu svona vísinda- og tæknigarða að fá strax inn nokkra aðila sem uppfylla skilyrði um að vera í samstarfi við háskólann og eru að stunda rannsóknir eða þróun. Við erum í viðræðum við nokkra aðila um að koma inn í fyrsta áfanga af uppbyggingu garðanna. Meðal þeirra aðila sem rætt er við er HA vegna nýs Hermi- og færnikennsluseturs heilbrigðisvísindasviðs HA sem er verkefni sem er ætlað að taka inn í skólann meira hlutfall af klínískri hermi og færnikennslu í heilbrigðisvísindum. Í öðru lagi hefur verið kallað eftir eflingu og aukins sýnileika Norðurslóðamiðstöðvar Íslands á Akureyri. Síðast en ekki síst hefur hugmyndin verið kynnt fyrir Arctic Therapeutics, lyfjaþróunarfyrirtæki Hákonar Hákonarsonar læknis, sem hefur stórtækar áætlanir í sinni uppbyggingu hér á Akureyri og fellur þessi hugmynd vel að þeim framtíðarplönunum.

Þekkingarvörður óskar eftir að fá þessa lóð endurgjaldslausu með sambærilegum hætti og Reykjavíkurborg gaf Háskóla Íslands lóðirnar í Vatnsmýri til uppbyggingar vísindagarðanna. Félagið lýsir sig tilbúið til að taka við lóðinni án deiliskipulags sem félagið myndi sjálft fjármagna gegn vilyrði um afhendingu lóðanna ef það getur orðið til að flýta ferlinu.

Við sjáum fyrir okkur einfalt og stílhreint stálgrindarhús með vel aðgreindum áföngum byggt í einkaframkvæmd gegn langtímaleigusamningi en húsið yrði að loknum leigutíma eign ríkisins, enda teljum við mjög mikilvægt að hafa full yfirráð yfir háskólasvæðinu til framtíðar til að hindra ekki eðlilegan vöxt háskólans.

Fh. Stjórnar Þekkingarvarða



Hólmur Erlu Svansson

Stjórnarformaður Þekkingarvarða ehf.